

ÁRSSKÝRSLA FRÆÐSLUSJÓÐS

2021



Fræðslusjóður
Maí / 2022

Starfsemi Fræðslusjóðs 2021

Fræðslusjóður starfar samkvæmt lögum nr. [27/2010 um framhaldsfræðslu](#). Með [þjónustusamningi](#) Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) við mennta- og menningarmálaráðuneytið sem gildi til loka árs 2021, er FA falin dagleg umsýsla sjóðsins milli stjórnarfundna. Þjónustusamningur er nú í endurskoðun undir nýju ráðuneyti félagsmála- og vinnumarkaðar og standa vonir til að þeirri vinnu ljúki á árinu 2022.

Hlutverk sjóðsins er að veita fé til námsleiða, náms- og starfsráðgjafar, raunfærnimats og nýsköpunar- og þróunarverkefna en öll þessi úrræði eru ætluð markhópi framhaldsfræðslu sbr. áður nefnd lög.

Hlutverk FA gagnvart Fræðslusjóði er að undirbúa og boða stjórnarfundni, framfylgja ákvörðunum stjórnar sjóðsins sinna samskiptum við þá aðila sem fá úthlutanir úr sjóðunum.

Stjórn sjóðsins fundaði fjórtán sinnum á árinu og eru [fundargerðir stjórnar](#) birtar á vef FA.

Fræðslusjóður úthlutar í byrjun árs til vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats.

Eingöngu fræðsluaðilar sem tilteknir eru í skilmálum sjóðsins eiga rétt á úthlutunum úr sjóðnum í framangreind verkefni.

Í lok maí var úthlutað til [nýsköpunar- og þróunarverkefna úr Fræðslusjóði](#) og er öllum heimilt að sækja um til slíkra verkefna.

Fræðsluaðilum ber að skila eftirstöðvum úthlutanna til námsleiða og ráðgjafar í síðasta lagi við uppgjör, hafi úthlutun ekki nýst innan ársins. Þessum eftirstöðvum er úthlutað í samræmi við umsóknir frá fræðsluaðilum í október. Verkefni í raunfærnimati eru gerð upp í lok árs og um mitt ár en fræðsluaðilar hafa allt að 18 mánuði til að ljúka þeim verkefnum.

Framkvæmd ársins

Allar upphæðir í milljónum króna

	2021	2020	Breyting milli ára
Vottaðar námsleiðir - Fræðslusjóður	482.5	475.9	1.4%
Vottaðar námsleiðir - <i>Nám er tækifæri</i>	121.0	0	
Náms- og starfsráðgjöf	117.7	127.9	-8.0%
Raunfærnimat - Fræðslusjóður	116.5	162.7	-28.4%
Raunfærnimat - <i>Nám er tækifæri</i>	5.1	0	
Nýsköpunar- og þróunarverkefni	25.8	37.3	-30.8%
Samtals framkvæmd	868.6	803.9	8.0%
Framlag á fjárlögum til Fræðslusjóðs	801.3	796.1	0.7%
Framlag til <i>Nám er tækifæri</i>	202.1	0	
Vaxtatekjur og óráðstafað fé-Fræðslusjóður	-58.9	7.8	-855.1%
Vaxtatekjur og óráðstafað fé-Nám er tækifæri	-76.0		
Samtals úthlutað	868.6	803.9	8.0%

Vegna áhrifa Covid 19 á íslenskt atvinnulíf var veitt sértöku fjármagni til Fræðslusjóðs til verkefnisins *Nám er tækifæri*. Beindist það einkum að atvinnuleitendum.

Ráðherra skipar Fræðslusjóði níu manna stjórn til fjögurra ára í senn. Formaður er skipaður án tilnefningar, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins tilnefna tvo fulltrúa hvort, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Félag íslenskra framhaldsskóla tilnefna einn fulltrúa hvort, fjármálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna einn fulltrúa sameiginlega og velferðarráðuneyti einn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórn Fræðslusjóðs setur sér starfs- og úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir. Í þeim skal koma fram hvernig meðferð umsókna er háttað og almenn skilyrði fyrir veitingu framlaga úr sjóðnum, sjá nánar um úthlutunar- og uppgjorsreglur í [Skilmálum og úthlutunarreglum Fræðslusjóðs](#).

Stjórn Fræðslusjóðs er þannig skipuð 2021:

Hellen Magnea Gunnarsdóttir, formaður skipuð án tilnefningar	Hulda Anna Arnljótsdóttir, varaformaður, skipuð án tilnefningar
f.h. ASÍ	Varamenn
Finnbogi Sveinbjörnsson	Stefán Sveinbjörnsson
Eyrún Björk Valsdóttir	Hilmar Harðarson
f.h. SA	Varamenn
Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir	Ólafur Garðar Halldórsson
Jóhanna Vigdís Arnardóttir	Heiðrún Björk Gísladóttir
f.h. BSRB	Varamenn
Karl Rúnar Þórsson	Birna Ólafsdóttir
f.h. Félagsmálaráðuneytis	Varamaður
Klara Baldursdóttir Briem	Eva Margrét Kristinsdóttir
f. h. Sambands íslenskra sveitarfélaga og Fjármála- og efnahagsráðuneytis	Varamaður
Margrét Sigurðardóttir	Elín Valgerður Margrétardóttir
f.h. Skólameistarafélags Íslands	Varamaður
Magnús Ingvason	Guðbjörg Aðalbergadóttir

Skipunartími stjórnarinnar er til 12. febrúar 2023

Tölfræði úr starfinu

Starfsfólk FA og samstarfsaðilar eru reglulega upplýstir um framgang í starfi framhaldsfræðslunnar með tölfræðilegum samantektum úr þeim upplýsingum sem fræðsluaðilar skila. Oft leita samstarfsaðilar og hagsmunaaðilar til FA eftir tölfræðiupplýsingum úr starfinu og við þeim beiðnum er brugðist í hvert sinn. Í febrúar var árangur fyrra árs tekinn saman og kynntur fyrir ráðgjöfum símenntunarmiðstöðvanna. Ýmis tölfræði ársins var kynnt stjórn í tengslum við stjórnarfundi.



Nýung í framsetningu tölfræðigagna má sjá á nýrri heimasíðu FA fræe.is þar sem stór hluti gagnanna er birtur með PowerBI.

Í ársbyrjun var farið yfir alla þjónustusamninga og samninga um framkvæmd og þeir bornir saman við niðurstöður sem fræðsluaðilar skila um framkvæmdina. Þar sem fjármagn hefur ekki verið notað að fullu er gerð krafa um endurgreiðslur. Samstarfsaðilar skrá upplýsingar um framkvæmd í ráðgjöf, námsleiðum og raunfærnimati í Innu. Til viðbótar við reglulegt framlag kom viðbótarframlag til sjóðsins gegnum Vinnuálastofunum í verkefnið *Nám er tækifæri*. Skiptist framlagið milli námleiða og raunfærnimats og er gerð grein fyrir ráðstöfun þess í hvorum kafla fyrir sig.

Helstu upplýsingar 2021

Námsleiðir


Eftirfarandi tafla sýnir heildarframkvæmd námsleiða árin 2017 – 2021 hjá fræðsluaðilum, Með heildarframkvæmd er átt við framlag Fræðslusjóðs til viðkomandi fræðsluaðila, að teknu tilliti til viðbótarúthlutana innan ársins og endurgreiðslna í árslok í samræmi við úthlutunar- og uppgjörsreglur sjóðsins.

Árið 2021 er framkvæmd *Nám er tækifæri* birt sérstaklega. Eftirfarandi töflur sýna framlag Fræðslusjóðs til vottaðra námsleiða árið 2021, fjölda nemenda sem ljúka námi á árinu, meðalkostnað á hvern nemanda og hlutfall þeirra innan heildarsamtaka á vinnumarkaði.

Framkvæmd vottaðra námsleiða	2017	2018	2019	2020	2021
Mímir-símenntun	186,505,684	185,370,000	179,153,808	172,061,000	168,048,000
Framvegis	41,310,000	56,650,000	51,754,167	45,815,000	47,601,000
Starfsmennt	2,450,000	0	0	0	0
IÐAN	10,416,000	3,876,000	5,260,000	0	2,024,000
Rafmennt	0	0	0	0	0
Samt. höfuðb.svæðið	240,681,684	245,896,000	236,167,975	217,876,000	217,673,000
Símenntun Vesturlandi	30,310,000	20,952,466	24,980,000	12,700,000	11,892,154
Fræðslumst. Vestfj.	19,440,000	21,190,000	22,100,000	18,030,000	18,050,000
Farskólinn NV-landi	12,827,429	12,010,000	13,260,000	11,960,000	13,033,000
SÍMEY	75,649,625	73,009,370	69,860,000	65,751,000	69,813,500
Þekkingarn. Þingeyinga	9,886,636	8,960,000	9,600,000	9,238,000	10,632,098
Austurbrú	21,630,000	22,980,000	22,270,000	18,820,000	20,990,491
Fræðslunet Suðurlands	34,866,769	36,850,000	38,180,000	34,606,900	38,986,000
Viska Vestmannaeyjum	14,624,583	9,061,914	13,730,000	10,140,000	2,400,100
MSS	88,870,000	106,300,617	89,440,000	76,823,000	79,079,000
Samt. landsbyggðin	308,105,042	311,314,367	303,420,000	258,068,900	264,876,343
Samtals allt	548,786,726	557,210,367	539,587,975	475,944,900	482,549,343

Vottaðar námsleiðir og framlag Fræðslusjóðs	Fjöldi	Hlutfall
Fjöldi nemenda í vottuðu námi greitt af Fræðslusjóði	1724	72%
Fjöldi nemenda í vottuðu námi greitt af Atvinnuleysistryggingasjóði	643	27%
Fjöldi nemenda í vottuðu námi greitt af öðrum	24	1%
Fjöldi nemenda alls	2391	
Samtök á vinnumarkaði	Samtök	Hlutfall
Samtök á vinnumarkaði	ASÍ	38%
	BSRB	8%
	Annað/óskráð	55%
Meðalkostnaður nemenda greitt af Fræðslusjóði	kr.	245.822

Hlutfall karla og kvenna sem ljúka námi helst nokkuð jafnt á milli ára, en konur eru jafnan í meirihluta eins og sjá má á eftirfarandi mynd.




Færri nemendur sem Fræðslusjóður greiddi fyrir luku námi 2021 en árin á undan en Atvinnuleysistrygginga-sjóður greiddi einnig fyrir hluta nemendanna, eða 27% af heildarfjölda nemenda á árinu, í átaki fyrir atvinnulausa - *Nám er tækifæri*.


Í eftirfarandi töflu má sjá fjölda nemenda eftir miðstöðvum síðastliðin fjögur ár, greitt af Fræðslusjóði.

Fjöldi einstaklinga sem luku námi eftir miðstöðvum (greitt af Fræðslusjóði)				
	2018	2019	2020	2021
Austurbrú	143	142	122	79
Farskólinn	72	101	64	57
Framvegis	155	134	138	135
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	140	102	126	143
Fræðslunetið	160	201	152	172
IÐAN	14	21		7
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	424	369	253	263
Mímir	553	584	545	461
Símey	537	417	381	288
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	85	115	106	57
Þekkingarnet Þingeyinga	55	59	77	48
Viska	41	95	79	14
Nemendafjöldi alls	2379	2340	2043	1724

Árið 2020 fór um 52% af námi fram í fjarnámi eða blönduðu námi (blandað stað- og fjarnám) en árið 2021 var þetta hlutfall 40%. Miðað við fjöldann sem greiddur var af Fræðslusjóði var 43% af náminu kennt í staðnámi árið 2021 og því má segja að staðnám er að aukast aftur miðað við árið á undan þó fjarnám og blandað nám sé almennt að aukast. Á næstu mynd má sjá hvernig þessi framkvæmd námsins var á árinu 2021.



Tíu mest sóttu námsleiðir árið 2021 sem Fræðslusjóður greiddi fyrir, má sjá á næstu mynd.




[Nánari tölfræði um vottaðar námsleiðir á vef FA](#)

Ráðgjöf um nám og störf

Eftirfarandi tafla sýnir heildarframlag (í kr.) árið 2021 og til samanburðar eru sambærilegar tölur fyrir árin 2017 – 2020. Með heildarframlagi er átt við framlag Fræðslusjóðs til viðkomandi fræðsluaðila, að teknu tilliti til viðbótarúthlutunar innan ársins og endurgreiðslna í árslok í samræmi við úthlutunar- og uppgjorsreglur sjóðsins.


Framkvæmd náms- og starfsráðgjafar	2017	2018	2018	2020	2021
Mímir-símenntun	22,956,000	26,078,760	23,417,090	21,554,000	22,943,000
Framvegis	3,542,000	6,199,763	6,020,000	4,439,000	4,910,000
Starfsmennt	606	2,146,727	847	539,8	366,2
IÐAN	28,350,000	35,863,067	33,361,880	32,167,000	32,454,700
Rafmennt	5,610,000	4,998,000	3,271,400	1,471,000	2,193,000
Samt. höfuðb.svæðið	61,064,000	75,286,317	66,917,370	60,170,800	62,866,900
Símenntun Vesturlandi	8,552,000	8,170,000	6,700,210	11,652,288	9,358,300
Fræðslumst. Vestfj.	6,092,000	6,167,083	7,274,740	4,598,000	5,154,668
Farskólinn NV-landi	4,230,000	4,159,339	4,175,000	3,769,410	3,903,591
SÍMEY	11,232,340	10,014,990	11,065,510	9,762,276	6,738,388
Þekkingarn. Þingeyinga	10,089,000	11,988,629	9,700,000	6,620,000	7,239,000
Austurbrú	4,056,000	4,556,000	4,058,070	5,091,755	3,954,105
Fræðslunet Suðurlands	9,453,160	9,876,017	9,904,720	8,967,180	5,331,768
Viska Vestmannaeyjum	4,190,000	4,798,460	3,760,000	3,883,000	2,970,100
MSS	12,371,666	12,763,213	12,150,000	13,412,980	10,520,800
Samt. landsbyggðin	70,266,166	72,493,731	68,788,250	67,756,889	55,170,720
Samtals allt	131,330,166	147,780,048	135,705,620	127,927,689	118,037,620

Heildarfjöldi viðtala árið 2021 var 8600 þar af greiddi Fræðslusjóður fyrir 8228 viðtöl eða 95,7%. Á næstu mynd má sjá fjölda viðtala síðastliðin fjögur ár eftir fjármagni. Tölur um viðtöl eru byggðar á fjölda viðtala en ekki fjölda þeirra einstaklinga sem sækja viðtölin.




Rétt rúmlega helmingur af viðtölum árið 2021 fóru fram rafrænt eða 50,6% af heildarfjölda, en möguleikinn á að skrá hvernig viðtal fer fram kom inn í skráninguna í INNU um mitt ár 2020.


Eins og sjá má á eftirfarandi mynd helst kynjaskipting ráðþega nánast eins milli ára en karlar eru í meirihluta þar sem viðtöl vegna raunfærnimats eru inni í fjölda viðtala um nám og störf.




Aldursskipting helst einnig nokkuð svipuð milli ára eins og sjá má á næstu mynd, en meirihluti ráðþega eru á aldrinum 26 – 35 ára.




Sú menntun sem ráðþegar hafa þegar þeir sækja viðtöl breytist einnig lítið milli ára en mikill meirihluti þeirra eru í markhópi framhaldsfræðslunnar. Aðeins um 12% - 14% þeirra sem sækja viðtöl eru ekki í markhópi framhaldsfræðslunnar við komu í viðtalið.




Meirihluti ráðþega er í starfi við komu í viðtal 2021 eins og árin á undan, en hlutfallið hefur þó minnkað töluvert frá því 2018 eins og sjá má á næstu mynd.



Nokkra breytingu má sjá á aðild að samtökum á vinnumarkaði í skráningum á viðtölum árið 2021 en þetta er líklega í samræmi í við stöðu á vinnumarkaði árið 2021. Þetta hlutfall má sjá á næstu mynd í samanburði við árin 2018 -2020.



Á næstu mynd má sjá að um 20% ráðþega eru með annað ríkisfang en íslenskt.



[Nánari tölfreði um náms- og starfsráðgjöf á vef FA](#)

Raunfærnimat

Eftirfarandi sýnir heildarframlag raunfærnimats árið 2021 hjá fræðsluaðilum. Til samanburðar eru sambærilegar tölur fyrir árin 2017 – 2020. Með heildarframlagi er átt við framlag Fræðslusjóðs til viðkomandi fræðsluaðila, að teknu tilliti til viðbótarúthlutunar innan ársins og endurgreiðslna í árslok í samræmi við úthlutunar- og uppgjorsreglur sjóðsins.


Framkvæmd raunfærnimats	2017	2018	2019	2020	2021
Mímir-símenntun	12,784,000	10,403,900	10,464,100	18,523,400	10,987,860
Framvegis	1,952,600	625,1	2,962,900	2,730,000	4,227,500
Starfsmennt		2,321,500	181		
IÐAN	40,081,200	55,313,800	61,192,000	60,455,150	53,811,140
Rafmennt	7,309,600	6,118,000	5,569,000	7,594,000	7,703,500
Samt. höfuðb.svæðið	62,127,400	74,782,300	80,369,000	89,302,550	76,730,000
Símenntun Vesturlandi	1,800,838	12,196,162	3,323,000	18,972,000	9,190,480
Fræðslumst. Vestfj.	2,684,300	2,104,800	6,858,000	9,937,500	5,408,600
Farskólinn NV-landi	0	2,186,800	6,797,000	556,5	3,260,500
SÍMEY	10,907,300	12,661,100	19,508,300	10,390,100	4,766,660
Þekkingarn. Þingeyinga	0	0	325	2,650,000	1,209,600
Austurbrú	2,645,400	6,877,500	2,742,292	5,158,208	4,467,700
Fræðslunet Suðurlands	5,343,586	18,015,900	7,597,000	16,553,100	3,262,080
Viska Vestmannaeyjum	4,302,300	4,999,000	3,837,300	5,739,200	4,504,980
MSS	10,401,241	10,715,500	6,736,000	3,444,200	3,653,800
Samt. landsbyggðin	38,084,965	69,756,762	57,723,892	73,400,808	39,724,400
Samtals allt	100,212,365	144,539,062	138,092,892	162,703,358	116,454,400

Á árinu 2021 luku 580 einstaklingar raunfærnimati hjá símenntunarmiðstöðvum um land allt. Af þeim var raunfærnimat 489 einstaklinga greitt af Fræðslusjóði en aðrir greiddu fyrir 91 einstakling. Eins og sjá má á næstu töflu fer fjöldi þeirra sem fá fjármagn annarsstaðar frá en úr Fræðslusjóði fjölgandi en hluti af þeim var greitt af með fjármagni frá Atvinnuleysistryggingasjóði sem má sjá í kaflanum hér aftar í skýrslunni.

Heildarfjöldi einstaklinga sem luku raunfærnimati 2018 - 2021

	2018	2019	2020	2021
Fræðslusjóður	572	467	573	489
greitt af öðrum	5	89	65	91
ALLS	577	556	638	580

Á næstu mynd sést hvernig þessi fjöldi skiptist eftir flokkum raunfærnimats, miðað við alla sem luku raunfærnimati árin 2018 - 2021. Fjöldi einstaklinga sem luku raunfærnimati í starfsnámsgreinum hefur aukist mikið undanfarin ár og er orðið nokkuð jafnt á við þá sem ljúka mati í löggildum iðngreinum. Árin 2018 og 2019 voru fleiri sem luku raunfærnimati í starfsnámsgreinum en 2020 og 2021 var fjöldinn meiri í iðngreinum.




Eins og sést á tölum hér fyrir ofan greiddi framlag Fræðslusjóðs fyrir raunfærnimat 489 einstaklinga, Atvinnuleysistryggingasjóður greiddi fyrir 27 einstaklinga og greitt var fyrir 64 einstaklinga með öðrum leiðum. En alls luku 580 einstaklingar raunfærnimati árið 2021.


Nánari upplýsingar um framkvæmd raunfærnimats 2021 miðað við framlag Fræðslusjóðs sýnir að konur eru í meirihluta þeirra sem ljúka raunfærnimati í starfsnámsbrautum og á móti viðmiðum einstakra starfa í atvinnulífinu, en karlar í iðngreinum og almennum bóklegum greinum eins og fyrri ár. Meðalaldur þeirra sem sækja raunfærnimat almennt eru 37 ár en meðalkostnaður á hvern einstakling er krónur 238.148 árið 2021 af framlagi Fræðslusjóðs.

Tölfræði út frá framlagi Fræðslusjóðs 2021						
	Fjöldi	Meðalfjöldi eininga	Fjöldi eininga	Konur	Karlar	Meðalaldur
Viðmið atvinnulífsins	93	4,4	410	52%	48%	36 ár
Starfsnámsbrautir	142	49,6	7.040	58%	42%	38 ár
Iðngreinar	230	64,6	14.852	7%	93%	37 ár
Almennar bóklega greinar	24	17,1	410	42%	58%	34 ár
Samtölur	489	56,1	27.426	32%	68%	37 ár


Einstaklingar sem hafa hafið nám á framhaldsskólastigi en ekki lokið því eru í miklum meirihluta þeirra sem luku raunfærnimati á árinu 2021 en þeir sem hafa stúdentspróf eða meiri menntun greiða yfirleitt sjálfir eða fá styrki annarsstaðar frá en úr Fræðslusjóði eins og úthlutunarreglur segja til um. Þetta má sjá nánar á næstu mynd.



Undanfarin ár hefur fjöldi erlendra ríkisborgara sem ljúka raunfærnimati verið um 10% af heildarfjölda miðað við fjármagn frá Fræðslusjóði.



Á næstu mynd má sjá hlutfall Íslendinga og erlendra ríkisborgara eftir því hver greiddi fyrir raunfærnimat einstaklinganna árið 2021.



[Nánari tölfraði um raunfærnimat á vef FA](#)

Tölfræðilegar upplýsingar um fjármagn frá Atvinnuleysistryggingasjóði

Árið 2021 sá Fræðslusjóður um að útdeila fjármagn í raunfærnimati og vottuðum námsleiðum til símenntunarmiðstöðva frá Atvinnuleysistryggingasjóði vegna úrræðisins *Nám er tækifæri*.

Raunfærnimat 2021 – *Nám er tækifæri*

Krónum 5.086.836 var úthlutað til raunfærnimats frá atvinnuleysistryggingasjóði í gegnum Fræðslusjóð árið 2021 vegna úrræðisins *Nám er tækifæri*.

Framkvæmd raunfærnimats	NET 2021
IÐAN	3,034,836
SÍMEY	2,052,000
Samtals allt	5,086,836

27 einstaklingar luku raunfærnimati með úrræðinu eða 4,6% af heildarfjölda þeirra sem luku raunfærnimati á árinu.

	Fjöldi	Meðalfjöldi eininga	Fjöldi eininga	Konur	Karlar	Meðalaldur
Viðmið atvinnulífsins	15	-	-	67%	33%	39 ár
Iðngreinar	12	62,8	62,8	8%	92%	49 ár
Samtölur	27			41%	59%	45 ár


Námsleiðir 2021 – *Nám er tækifæri*

Rétt rúmunum 121 milljónum var úthlutað til miðstöðva vegna framkvæmda á vottuðum námsleiðum vegna úrræðisins *Nám er tækifæri*.

Framkvæmd vottaðra námsleiða	NET 2021
Framvegis	4,326,300
IÐAN	2,042,975
Símenntun Vesturlandi	3,100,167
Fræðslumst. Vestfj.	7,069,108
SÍMEY	16,907,150
Þekkingarn. Þingeyinga	11,064,175
Austurbrú	1,746,000
Viska Vestmannaeyjum	813,5
MSS	73,963,580
Samtals allt	121,032,955

643 einstaklingar luku námi í vottuðum námsleiðum vegna úrræðisins eða 27% af heildarfjölda þeirra sem luku námi á árinu. Konur sem luku námi voru 50,4% og karlar 49,6%.

Námsleiðir kenndar í úrræðinu *Nám er tækifæri* og fjöldi nemenda sem lauk námi 2021



Nýsköpunar- og þróunarverkefni

Styrkþegi	Heiti verkefnis	Upphæð styrks
Austurbrú	Það er LEIKUR að læra íslensku	2,708,000
NORTH Consulting ehf	Samfélagsfrumkvöðlar - námskeið og námskrá í samfélagslegri nýsköpun	3,300,000
Mímir símenntun	Nýir tímar-ný hæfni: netforritunarnámskeið með starfstengdri íslensku fyrir innflytjendur	2,145,000
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Sjálfbærniskólinn	3,300,000
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Rafrænt hæfnimat í íslensku - innleiðing	1,100,000
Gerum betur ehf	FAGMENNSKA - Þjónað til borðs	3,300,000
IÐAN fræðslusetur	Enska fyrir þig - STAFRÆNT OG GRÆNT	2,979,000
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Microsoft Teams og starfaprófill leiðbeinanda í fullorðinsfræðslu	3,300,000
Mímir símenntun	Þarfa- og væntingagreining og netkönnun á starfstengdum og almennum námskeiðum í íslensku	3,000,000
RAFMENNT	Þróun vottaðra námsleiða í öryggisfræðum vegna uppsetningar á sviðsbúnaði	3,000,000

[Nánari upplýsingar um úthlutun Fræðslusjóðs til nýsköpunar- og þróunarverkefna á vef FA](#)


Lokaorð

Framlag til Fræðslusjóðs var 801.3 milljónir árið 2021 sem var hækkun um 5.2 milljónir eða 0.65% frá árinu á undan. Framkvæmd verkefna sem Fræðslusjóður fjármagnar var alls 742.5 milljónir á árinu 2021. Auk þess sem framkvæmt var fyrir 126.1 milljón innan verkefnisins *Nám er tækifæri*. Heildar framkvæmd á árinu var því samtals 868,6 milljónir sem er hækkun um 64,7 milljónir eða 8% miðað við árið á undan.

Nám er tækifæri er tímabundið verkefni sem lýkur um mitt ár 2022. Veitt er til verkefnisins í gegnum Fræðslusjóðs og haldið utan um það á sama hátt og reglulegar úthlutanir sjóðsins en bæði uppgjör og tölfræði er aðskilið frá öðrum verkefnum. Verkefninu *Nám er tækifæri* er sérstaklega ætlað til að mæta fólki sem missti vinnuna vegna samdráttar í kjölfar Covid 19 og án þess hefði framkvæmd á vegum sjóðsins dregist þónokkuð saman frá fyrri ári. Þannig er framkvæmd náms- og starfsráðgjafar rúmum 10 milljónum minni og raunfærnimats rúmum 46 milljónum minni en árið á undan. Þessi munur, meðal annars, gerir það að verkum að óráðstafað fé sjóðsins í árslok er tæpar 59 milljónir.

Fjöldi nemenda sem luku námi í vottuðum námsleiðum greiddum af Fræðslusjóði fækkaði á milli árunna 2020 og 2021 eins og árið á undan. Þar sem árin 2020 og 2021 voru um margt sérstök má áfram leiða að því líkum að áhrif Covid 19 hafi þar mest áhrif á fækkun nemenda sem ljúka námi.

Ráðgjafarviðtölum fjölgaði árið 2021 miðað við árið 2020. Í byrjun sumars 2020 var bætt við möguleikanum að skrá hvort viðtal færi fram rafrænt og það sést á tölum frá 2020 og 2021 að mikið var um rafræn viðtöl. Árið 2021 var fyrsta árið sem gefur mynd af fjölda rafrænna viðtala yfir heilt ár og var rétt rúmlega helmingur viðtala tekin rafrænt.



Fækkun varð á fjölda þeirra sem luku raunfærnimat árið 2021 miðað við metárið 2020, en 489 manns luku raunfærnimati 2021 sem Fræðslusjóður greiddi fyrir og 91 sem aðrir greiddu fyrir eða alls 580 manns. Fjöldi þeirra sem sækir raunfærnimat í starfsnámi er orðin nokkuð jafn og þeir sem sækja raunfærnimat í löggildum iðngreinum. Metfjöldi lauk raunfærnimat á móti viðmiðum starfa árið 2021 eða 127 manns.

Frekari tölfræði má finna á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins [hér](#).

Frekari gögn um starfsemi Fræðslusjóðs er [hér](#) á vef FA.